

Fundargerð 967. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, fimmtudaginn 20. febrúar kl. 20:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir og Walter Fannar Kristjánsson.

Heiða Björg Hilmisdóttir boðaði forföll.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir og Valgerður Rún Benediktisdóttir, sem ritaði fundargerð.

Jón Björn Hákonarson, varaformaður stýrði fundi í fjarveru formanns.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Petta var tekið fyrir:

1. Staða kjaramála - 2406015SA

Innanhússtillaga ríkissáttasemjara, dags. 20. febrúar 2025, lögð fram sem trúnaðarmál.

Berglind Eva Ólafsdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson, Helgi Aðalsteinsson, Margrét Sigurðardóttir og Saga Guðmundsdóttir starfsfólk Sambandsins og Kolbeinn Guðmundsson og Haukur Þór Haraldsson frá Reykjavíkurborg.

Stjórn felur formanni samninganefndar að óska eftir því við ríkissáttasemjara að hann veiti Sambandinu frest til klukkan 12, föstudaginn 21. febrúar nk., til að gefa svar við því hvort að stjórn fallist á framlagða innanhússtillögu ríkissáttasemjara. Jafnframt verður haldinn upplýsingafundur með sveitar/bæjarstjórum kl:8:00 þann 21.febrúar.

Fundi var slitið kl. 21:52